

Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um félagsleg fyrirtæki.

Frá Elvu Dögg Sigurðardóttur.

1. Er hugtakið *félagslegt fyrirtæki* (e. social enterprise) að finna í markmiðasetningu ráðuneytisins?
2. Er til lagalegur rammi utan um slík fyrirtæki? Ef ekki, stendur til að leggja til slíkan ramma?
3. Hefur ráðherra fyrirætlanir um að auka viðurkenningu á þætti slíkra fyrirtækja í því að takast á við félagslegar og umhverfislegar áskoranir, sbr. aukið umfang þeirra í öðrum Evrópuríkjum?
4. Hefur ráðherra fyrirætlanir um að styðja sérstaklega við slík fyrirtæki með sambærilegum hætti og gert er í áætlun Evrópusambandsins um atvinnumál og félagslega nýsköpun og með evrópska félagslega framtakssjóðum?

Skriflegt svar óskast.